

# Ákvarðanataka og verklag varðandi flutning sjúklinga með teikn og einkenni bráðra geðrænna veikinda um borð í sjúkraflugvél

ANTON BERG CARRASCO, BRÁÐATÆKNIR, VARÐSTJÓRI<sup>1,3</sup>  
BRYNDÍS ELVA BJARNADÓTTIR, BRÁÐATÆKNIR, HJÚKRUNARFRÆÐINGUR<sup>1,3</sup>  
CHRIS WOLFFENSBERGER, SVÆFINGARLÆKNIR<sup>2,3</sup>  
CORINA LABITZKE, SVÆFINGARLÆKNIR<sup>2,3</sup>

1 SA (Slökkvilið Akureyrar)

2: SAK (Sjúkrahúsið á Akureyri)

3: Miðstöð Sjúkraflugs

## Inngangur

Á undanförunum árum hefur tíðni sjúkraflutninga vegna bráðra geðrænna veikinda af landsbyggðinni í sérhæfð úrræði á Landspítala aukist verulega. Ákvörðun um slíka flutninga og framkvæmd þeirra hefur reynst áskorun þar sem úrræði til vistunar sjúklinga með yfirstandandi eða hótandi ofbeldishegðun vegna bráðra geðrænna veikinda eru ekki til staðar nema á LSH og því myndast auðveldlega stofnanalegur þrýstingur um framkvæmd slíkra sjúkraflutninga í sérhæft úrræði. Umræddur sjúklingahópur inniheldur skjólstaðinga sem varasamt getur reynst að flytja um borð í loftfari sökum ógnandi háttalags og ofbeldishegðunar, ýmist hótandi eða yfirstandandi.

## Verklag

Tilgangur og markmið

Markmið verklagsins er að tryggja öryggi loftfars, áhafnar og sjúklings með áhættumati sem metur hversu líklegt er að sjúklingur með bráð geðræn veikindi viðhafi ofbeldishegðun um borð í loftfari sem geti ógnað öryggi þess, annarra um borð og eigin velferð.

Forsendur

Grundvallaratriði vegna flutnings sjúklinga með bráð geðræn veikindi með hótandi eða yfirstandandi ofbeldishegðun um borð í sjúkraflugvél eru eftirfarandi:

- Sjúklingur skal fluttur á réttum forsendum. Þannig skal mat á klínísku ástandi sjúklings metið hlutlægt umfram þrýsting frá viðeigandi stofnun.
- Rétt framkvæmd hömlunarúrræði, s.s. lyfjaslævingar eða fjötranir, eru ekki skaðlegar gagnvart sjúklingum.

**Sjúklingur má ekki undir neinum kringumstæðum reynast öryggisógn gagnvart loftfarinu eða áhöfn þess.**

Áhættumat vegna flutnings sjúklinga með hótandi ofbeldishegðun um borð í sjúkraflugvél

Áhættumat vegna flutnings sjúklinga með bráð geðræn veikindi með hótandi ofbeldishegðun er í tveim hlutum.

Annars vegar er sjúklingur metinn með tilliti til undirliggjandi ástands, fyrirliggjandi greininga og inngrípa sbr. „*Flutningshæfnismat andlega óstöðugra sjúklinga*“ (e. Fit to Fly preassessment).

Hins vegar er sjúklingurinn áhættumatin með tilliti til möguleika á ofbeldishegðun út frá nýlegri hegðun, atferli og framkomu sbr. framlagt matstæki: „*Áhættumat vegna hótandi ofbeldishegðunar*“.

### Flutningshæfnismat andlega óstöðugra sjúklinga

Sjúklingur skal metin m.t.t. hversu hæfur til flutnings hann er skv. neðangreindum spurningalista. Listanum skal svarað í samráði við þann lækni sem óskar eftir flutningum.

1)	Er flutningur sjúklingsins aðkallanda (< 8 klst) vegna meðísinskra ástæðna?
2)	Hvert er yfirstandandi ástand sjúklingsins?
3)	Geðgreining? (þunglyndi – e. depression, oflæti – e. mania, geðklofi – e. schizophrenia)
4)	Hefur sjúklingur verið sjálfræðissviptur skv. 72. klst reglunni? Ef já, síðan hvenær?
5)	Er sjúklingur meðvitaður OG samþykkur fyrirhugaðri meðferð og flutningsúrræði?
6)	Eru ýkjandi þættir til staðar gagnvart sjúkling, s.s. flughræðsla, innlokunarkennd eða þekkt saga um versnun meðan á flutning stendur?
7)	Er áhætta vegna versnunar á ástandi sjúklings til staðar meðan á flutningi stendur?
<input type="checkbox"/> Lítil eða hverfandi <input type="checkbox"/> Miðlungs <input type="checkbox"/> Mikil	

### Áhættumat vegna hótandi ofbeldishegðunar - matstæki

Niðurstaða áhættumats vegna flutnings sjúklinga með bráð geðræn veikindi með byggir notkun matstækis hér að neðan. Matstækið skilar tölulegri niðurstöðu sem vísar til áætlaðrar áhættu á ofbeldishegðun óstöðugs sjúklings meðan á flutningi stendur. Heildarskor matstækisins er síðan notað til að meta skilgreina áhættu á ofbeldisfullri hegðun sjúklings sem „litla“, „miðlungs“ eða „mikla“.

Matstækið metur sjúkling út frá eftirtöldum kvörðum m.t.t. hversu langt er síðan viðkomani sýndi tiltekin einkenni OG hversu líklegt er að einkenni geri vart við sig meðan á flutningi stendur:

- Tilfinningalegt ástand
- Hugarsástand
- Hegðun

Þættir sem metnir eru í „Flutningshæfnismati“ að ofan eru ekki metnir sértækt í matstækinu en skulu metnir í samhengi við það.

Matstæki: Áhættumat vegna hótandi ofbeldishegðunar í flutningi sjúklinga með bráð geðræn veikindi			
Liður	A	B	C
	Einhvern tíma: Nei = 0 Já = 1	Einkenni: Einkennalaus = 0 Viðráðanleg einkenni = 1 Illviðráðanleg einkenni = 2	Einkenni: Einkennalaus = 0 Viðráðanleg einkenni = 1 Illviðráðanleg einkenni = 2
<b>Tilfinningalegt ástand</b> Hefur sjúklingur verið í sjálfsvígshættu, órólegur, pirraður, fjandsamlegur, viðskotailur eða með einkenni oflætis (e. mania)?			
<b>Hugarástand</b> Hefur sjúklingur verið ruglaður, illa áttaður, vitsmunalega skertur, órökvis eða sýnt einkenni ofskynjana, ranghugmynda, hugsanatrufana eða hugrofs?			
<b>Hegðun</b> Hefur sjúklingurinn viðhaft ógnandi eða ofbeldisfulla hegðun gagnvart sjálfum sér, öðrum eða hlutum? Er hann hvatvís og/eða ósamvinnuþúður gagnvart leiðbeiningum og/eða fyrirmælum?			
Samtölur	A=	B=	C=
Heildarskor			

Metin áhætta*	Lítill	Miðlungs	Mikil
Heildarskor	A≤3 og B≤1 og C≤1 EN A+B+C≤4**	A+B+C = 5-8 eða einhver þáttur B=2	A+B+C≥9 eða einhver þáttur C= 2

\* í fyrirhuguðum flutning ----\*\* Skor fyrir A+B+C verða að vera ≤4. Þar sem A=3, B=1 og C=1 flokkast sjúklingur í miðlungshættu

## Undirbúningur

Eftirtalin inngríp og úrræði skulu vera tiltækt og viðhöfð við flutning þeirra sjúklings sem hér um ræðir:

- Allir sjúklingsar skulu vera með tiltækan og virkan æðalegg verði því viðkomið. Ef slíkt er ekki kostur skal undirbúa róandi lyfjagjöf með þeim hætti að sem minnst töl verði á henni.
- Flug skal skipuleggja með þeim hætti að viðvera sjúklings um borð sé eins tímalega takmörkuð og kostur er. Þannig skal ekki skipuleggja millilendingar meðan á umræddum flugum stendur. Einnig skal tryggja eftir fremsta megni að ekki verði bið eftir flutningsúrræði eftir lendingu.
- Slævingarlyf skv. leiðbeiningum skulu tiltæk og undirbúin þannig að þau sé hægt að gefa á sem skemmstum tíma.
- Fjötrunarbúnaður skal vera hluti af búnaði flugvélar og vera tilgreindur á yfirferðarlistum.
- Ef til fjötrunar kemur, skal fjötrað við tilgreinda staði:

o XX

Mótvægisáðgerðir, úrræði og mönnun

Niðurstöður úr áhættumati ákvarða hvaða mótvægisáðgerða skal mögulega gripið til, þ.e. hvaða úrræðum getur þurft að beita, og ræður samsetningu áhafnar hverju sinni. Mótvægisáðgerðir hverju sinni miðast við rétt samsetta áhöfn sem hefur heimildir og getu beitingu slævandi lyfjainngripa og/eða fjötrunar ef á þarf að halda.

Niðurstaða áhættumats	Mönnun	Úrræði og inngríp
Lítill áhætta	1 EMT-A	Lágmarkslíkur á inngrípum Mögulega lyfjaslævingar skv ferlum
Miðlungs áhætta	2 EMT; A og P (læknir ef bara einn tiltækur) Lögreglumaður; þjálfstigi XX	Mögulega þörf á inngrípum Lyfjaslævingar skv ferlum Fjötranir ef á þarf að halda
Mikil áhætta	EMT-A/P Læknir Lögreglumaður, þjálfstigi XX	Sjúklingur EKKI fluttur með flugvél nema brýnar medisínskar ástæður séu til staðar Lagt til að flutningur landleiðis verði notaður EF sjúklingur fluttur með flugi SKAL hann fluttur í fjötrum og lyf tiltæk til notkunar með sem skemmstum fyrirvara

## Fyrirvarar og frávik

Ef ástandi sjúklings hefur hrakað frá upphaflegum forsendum eða í ljós kemur að matstækið var ekki fyllt út skv. réttu mati við komu sjúkraflugsáhafnar til sjúklings skal endurtaka matið og endurskipuleggja flutning m.t.t. réttrar og/eða uppfærðrar niðurstöðu.